

MENNINGARVERÐLAUNIN 1983:

Haldið í góða siði

Handhafar menningarverðlauna Dagblaðsins og síðar DV eru nú komnir á þriðja tug og hafa flestir þeirra aukið enn við hróður sinn síðan blaðið tók upp á því að veita viðurkenningar sínar árið 1979. Hafi einhver áhuga á statistik má að

gamni geta þess að meðal verðlaunahafanna eru sjö konur, tveir hópar og sextán karlmenn.

Við veitingu þessara verðlauna hefur blaðið haldið í nokkra góða siði, m.a. að heiðra fólk sem enn er í

fullu fjöri og skapandi, að fá ýmsa hönnuði til að gera verðlaunagripina, að koma á samstarfi við gagnrýnendur á öðrum blöðum um veitingu verðlaunanna og gera málsverðinn í Þingholti, Hótel Holti, að öði til íslenska fískisins.

Við munum skýra nánar frá undirbúningi vegna menningarverðlaunanna í byrjun næstu viku, en hér á eftir fara viðtöl við þrjá listamenn sem hlutu verðlaunin á síðasta ári, Ásgerði Búadóttur vefara, Ágúst Guðmundsson leikstjóra og Vilborgu

Dagbjartsdóttur skáldkonu. Auk þeirra hlutu verðlaunin Árni Kristjánsson pianóleikari, Hjalti Rögnvaldsson leikari og Birna Björnsdóttir arkitekt.

AI

„Ég er að endurmeta allt mitt líf...“

— segir Vilborg Dagbjartsdóttir sem hlaut menningarverðlaun DV í fyrra fyrir bókmenntir

Vilborg Dagbjartsdóttir hlaut bókmenntaverðlaun DV í fyrra fyrir ljóð sín. Við höfðum hug á að vita hvað á daga hennar hefði drifið síðan því kona sú er ekki vön að sitja auðum höndum:

„Ég er nú kennari í fullu starfi, við Austurbæjarskólann, og hluti af því er vinna á skólasafninu. Um mitt árið í fyrra fékk ég orlof frá kennslu til þess að læra bókasafnsfræði. Kennarar geta nefnilega sótt um eins árs orlof eftir tíu ára starf. En ég hef nú verið kennari í 30 ár og fékk samt aðeins hálf ár.

Eg dreif mig í Háskólann og neyddist til að taka eins marga kúrsa og ég gat til þess að nýta þennan tíma sem best. Það var spennandi og gaman. Ég varð svo alteskin af náminu að ekkert annað komst að; svo hrifin af því sem ég fékk að læra þarna. Ég er því mjög þakklát Háskólanum sem af litlum efnum er að reyna að mennta okkur.

Að þessari reynslu fenginni gat ég ekki hætt, hélt því áfram að lesa og læra í sumar og með fullri kennslu tók ég einn kúrs í tölvunotkun í haust. Þetta opnaði mér nýja sýn á mögu-

leika þessa tækis sem ég áður hafði verið hrædd við og þekkti ekkert.

Nú geri ég hlé á náminu og sé til hvort ráðuneytið veitir mér ekki hálf árs orlof til viðbótar svo ég geti lokið námsáfangamínunum. Fullt starf, svona mikið nám og heimilishald að auki, gerir það að verkum að engin orka verður aflögu til þess að semja neitt.

Þetta finnst mér vera of mikil binding og langar til þess að losa mig meira úr þungu starfi til þess að geta sinnt skriftum. — Þegar svona full-orðið fólk eins og ég fer í nám þá end-



Vilborg Dagbjartsdóttir.

urmetur það alla hluti. Það hef ég verið að gera. — Ég er að endurmeta allt mitt líf...

Annars er ég með ýmislegt á þrjón-

unum, meðal annars alveg heillandi bók, sem ég er að þýða, eftir Mariu Gripe: Agnes Cecilia. — Þætti Vilborg við, þröttmikil að vanda. —FG.

„Verðlaun af þessu tagi svo laus við hégóma,“

„Mér þótti vænt um þessa viðurkenningu og varð að vonum mjög ánægð þegar mér var tilkynnt um hana. Þessi verðlaun eru svo laus við allan hégóma og dómendunum sem að þessu stóðu svo vel treystandi,“ sagði Ásgerður Búadóttir listvefnaðarkona í samtali við DV. Hún var ein þeirra sem hlutu menningarverðlaun DV í fyrra. Eins og kunnugt er er Ásgerður ein okkar fremstu í sinni grein og því vel að viðurkenningu þessari komin.

— Finnst þér verðlaun af þessu tagi eða viðurkenning eiga rétt á sér?

„Já, alveg tvímælalaust, sérstaklega ef góðir menn standa að slíkri



„Mér þótti vænt um þessa viðurkenningu.“ Ásgerður Búadóttir, ein okkar fremstu listvefnaðarkvenna.

verðlaunaveitingu eins og er í þessu tilviki.”

— Við hvað hefur þú verið að fást á síðastliðnu ári?

„Það hefur verið eitt og annað. Núna er ég að vinna að verkefni ásamt öðrum, sem mér var falið, fyrir nýja Landsbankaútibúið í Breiðholti. Þar var nokkrum listamönnum boðinn veggur til ráðstöfunar til að útfæra listaverk. Auk mín eru það Eiríkur Smith, Jón G. Arnason og Kristján Davíðsson. Ég er nokkuð sein fyrir með mitt verkefni vegna anna en þessa daga er ég einmitt að vinna að því.”

— Og hvað er framundan?

„Það eru alltaf einhverjar sýning-

ar í sjónmáli. Eg tek til að mynda þátt í sýningu Norræna listbandafélagsins, er ein af þremur Íslendingum sem þar taka þátt. Sýning þessi verður opnuð í Helsinki í Finnlandi í vor. Og meiningin er að hún fari um öll Norðurlöndin en ég veit ekki hvern hún kemur til Íslands.”

— Engin einkasýning á döfinni?

„Nei, ekki er það nú. Hins vegar er ég þátttakandi á annarri sýningu sem var verið að opna í Minneapolis fyrir skömmu. Sú sýning er í tengslum við Scandinavia Today og var opnuð í haust en hún mun fara um öll Bandaríkin,“ sagði Ásgerður Búadóttir.

-KP

„Ætli ég geri ekki þögla poppmmynd...“

— annasamt ár hjá Ágúst Guðmundssyni sem hlaut kvikmyndaverðlaunin í fyrra fyrir „Útlagann“

Menningarverðlaun DV fyrir kvikmyndir árið 1982 féllu í skaut aðstandendum „Útlagans“ sem enn er dýrasta kvikmynd sem Íslendingar hafa gert. Ekki verður annað séð en Ágúst Guðmundsson leikstjóri og lið hans hafi tvíefnst við þá þólaun — og svo auðvitað við að fá menningarverðlaunin — því ekki hefur hann stoppað síðan. Ágúst var því eilítið þreyttulegur í röddinni þegar DV hafði samband við hann og bað hann segja frá því sem á daga hans hefði drifið á árinu 1982.

„Segja má að ég hafi verið á faraldsfæti meiri part ársins,“ sagði Ágúst. „Ég byrjaði á því að fara til Filippseyja með Land og syni, þar á eftir skaust ég á kvikmyndahátíð-

ina í Berlín með Útlagann. Heimkominn hóf ég vinnu við Allt á hreinu, síðan tók við tveggja mánaða ferðalag í Bandaríkjunum á vegum American Scandinavian Foundation þar sem ég sýndi Land og syni og Útlagann og talaði um myndirnar.

Allt á hreinu með allt á hreinu

Þaðan fór ég eiginlega beint upp á Kjöl til að leikstýra myndinni um Daniel Bruun sem þeir Jón Hermannsson og Indriði G. Þorsteinsson höfðu undirbúið. Það var ekki fyrr en í árslok að ég fór að geta



Ágúst Guðmundsson í kyrrstöðu.

haldið kyrru fyrir, klippa Allt á hreinu og Daniel Bruun og safna orku.

Um þessar síðustu myndir mínar

er svo það að segja að þótt „Útlaginn“ sé ekki enn farinn að bera sig þá eru allar líkur á að við fáum upp í kostnað á þessu ári. Til dæmis hefur

þekkt kvikmyndahús í London keypt myndina til sýningar og við vonumst eftir að koma henni á markað á Norðurlöndum. Daniel Bruun hefur sjónvarpið svo keypt til sýningar og Allt á hreinu virðist ganga mjög vel. Mönnum virðist hafa komið á óvart velgengni þeirrar myndar, en ég hafði alltaf trú á að hún mundi ganga, a.m.k. eftir að við vorum komnir niður á lokahugmynd að henni.

Þögla myndir

Um framtíðina þori ég helst ekkert að segja. Eg sit hér við að lesa tvö handrit, annað úr nútímanum og hitt úr grárri fornescju og velti fyrir mér hlutunum. Þú spyrd hvað ég hafi séð af góðum kvikmyndum á árinu 1982. Einn kvikmyndaviðburður liður mér ekki úr minni. Það var sýning á myndinni „Show people“ eftir King Vidor, sem gerð er 1928, á kvikmyndahátíðinni í Lundúnum. Mynd þessi, sem fjallar um helstu stjörnur þögla myndanna, er sjálf þögul en á þessari sýningu lék heil sínfónihljómsveit undir henni. Mér fannst mikið til þessa koma. Fyrst ég er nú kominn út í poppið væri upplagt að gera þögla poppmmynd og láta hljómsveitir leika undir sýningum...”

AI